



Fundargerð

Fundur í fjallskilanevnd Reykhólahrepps
Miðvikudaginn 12. september 2012, kl. 13:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson og Tómas Sigurgeirsson. Þráinn Hjálmarsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Bann við lausagöngu búfjár í Múlahreppi hinum forna.

Minnisblað fundar Búnaðarfélags Reykhólahrepps, Sauðfjárræktarfélags Reykhólahrepps, fjallskilanevndar Reykhólahrepps með Ólafi Dýrmundssyni og Árna Snæbjörnssyni ráðunauta frá Bændasamtökum Íslands þann 5. september 2012.

Minnisblað lagt fram. Nefndin dregur til baka afsögn sína á fundi þann 22. ágúst 2012, í trausti þess að unnið verði að málum eins og kemur fram í minnisblaðinu, unnin verði búfjársamþykkt fyrir sveitarfélagið skv. lögum um búfjárhald 103/2002. Nefndin fer enn með umboð hreppsnefndar þar sem hreppsnefndarfundur hefur ekki farið fram frá fundi fjallskilanevndar 22. ágúst.2012.

2. Fjallskilaseðill

Nefnin fór yfir búfjártölur og dagsverk vegna fjallskila 2012. Fjallskilaseðill sveitarfélagsins settur saman og samþykktur af nefndinni, er honum vísað til afgreiðslu í hreppsnefnd.

Mál til tilkynningar:

3. Notkun vélknúinna ökutækja við leitir.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 23. ágúst 2012.

Erindi kynnt.

Fundargerð lesin, fundi slitið 15. 00.
